150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórnun grásleppu).

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

2. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er krókaaflamarksbátum heimilt að veiða krókaaflamark í grásleppu með grásleppuneti.

4. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessara laga. Getur ráðherra meðal annars ákveðið svæðaskiptingu veiða úr einstaka nytjastofnum, stærðartakmarkanir skipa, gerð og stærð veiðarfæra, vitjun neta og veiðitímabil.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Setja skal aflahlutdeild í grásleppu. Aflahlutdeild einstakra skipa skal ákveðin á grundvelli veiðireynslu sem fengin hefur verið á leyfi sem skráð er á skipinu og miðað skal við þrjú bestu veiðitímabil frá og með árinu 2013 til og með ársins 2018. Þau skip ein koma til greina til að fá úthlutaðri aflahlutdeild sem voru með rétt til að fá leyfi til grásleppuveiða, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fyrir gildistöku laganna.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Frumvarpið felur í sér tillögur um breytingu á stjórnun veiða á grásleppu þannig að um stjórn veiðanna fari með sambærilegum hætti og gildir um helstu nytjastofna Íslands, aflamarksstjórn.

Grásleppuveiðum er stjórnað með sóknarmarki og á undanförnum árum hefur sú stjórnun sætt gagnrýni fyrir að vera ómarkviss og ófyrirsjáanleg fyrir þá sem stunda veiðarnar. Þann 15. maí 2018 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp sem ætlað var að fara yfir tilhögun veiðistjórnar grásleppuveiða og gera rökstudda tillögu um breytingar á veiðistjórnun ef starfhópurinn teldi tilefni til.

Starfshópurinn skilaði greinagerð til ráðherra 25. september 2018 sem birt var á samráðsgátt stjórnarráðsins þann 27. september 2018. Meðal þess sem fram kom í greinagerð starfshópsins var að með veiðistjórnun á grásleppu á grundvelli úthlutað aflamarks væri hægt að ná fram markvissari veiðistjórnun og veiðarnar yrðu hagkvæmari og fyrirsjáanlegri fyrir þá sem þær stunda. Frumvarp þetta er að meginstefnu unnið upp úr greinagerð starfshópsins og tekur mið af þeim sjónarmiðum sem þar komu fram og athugasemda sem fram komu á samráðsgáttinni.

2. Tilefni og nauðsyn.

Markmið fiskveiðistjórnunar er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna Íslands og tryggja þannig trausta atvinnu og byggð í landinu. Veiðum á helstu nytjastofnum er stjórnað með úthlutun aflamarks við upphaf hvers fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar sem bátar hafa. Slík fiskveiðistjórnun hefur reynst góð með tilliti til þess hve auðvelt er að stýra því hvaða magn er veitt hverju sinni og hagkvæmni hefur aukist. Á þennan hátt hafa sjálfbærar veiðar verið tryggðar, verið hvatning til nýsköpunar þar sem aðilar reyna að fá sem mest verðmæti úr aflahlut sínum og stuðlað að bættri umgengni um auðlindina. Veiðum í nokkrum nytjastofnum er enn stjórnað með sóknarmarki í formi hámarks dagafjölda, en slík stjórnun hefur verið á undanhaldi síðustu ár. Frá árinu 1990 hefur veiðum á grásleppu verið stjórnað með sóknartakmörkunum, sbr. reglugerð nr. 474/1990, um grásleppuveiðar. Í reglugerðinni var réttur til að fá leyfi til grásleppuveiða takmarkaður við þá báta sem stundað höfðu grásleppuveiðar á a.m.k. einu af árunum 1987, 1988, 1989 og 1990 til að koma í veg fyrir of mikla sókn í grásleppu. Reglugerðin var sett með heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Við ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins á þessum tíma var litið til þess að þeir sem stunduðu grásleppuveiðar á árunum frá 1987 sátu við lakara borð en aðrir hvað varðaði úthlutun botnfiskveiðiheimilda. Þannig var veiðireynslu í grásleppu fengið eitthvað vægi þrátt fyrir að tegundin væri ekki ein af þeim nytjastofnum sem voru hlutdeildarsettir. Fram til ársins 1997 gafst þeim aðilum einum kostur á að fá leyfi til grásleppuveiða sem stundað höfðu veiðarnar á a.m.k. einu af fjórum undanfarinna ára. Síðasta reglugerðin sem gefin var út með þessu fyrirkomulagi var reglugerð nr. 58/1996, um grásleppuveiðar og samkvæmt henni þá voru það einungis bátar sem stundað höfðu veiðar á a.m.k. einu áranna 1991, 1992, 1993 eða 1994, enda hafi leyfið ekki verið flutt á annan bát. Reglugerðin gilti fyrir vertíðirnar 1996 og 1997.

Með 1. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands var lögfest hvaða bátar gætu fengið leyfi Fiskistofu til veiða á grásleppu og var það bundið við þá báta sem rétt höfðu til að fá leyfi til veiða á grásleppu á árinu 1997. Í athugasemdum við ákvæðið í

greinagerð með lögunum kemur fram að ástæða þótti til að takmarka veiðar á grásleppu með þeim hætti sem gert var í ljósi þess hversu margir smábátar væru orðnir og án takmarkana gætu veiðarnar farið algerlega úr böndunum á skömmum tíma. Einnig var vísað til markaðsaðstæðna og réttar þeirra manna sem stundað höfðu veiðarnar og höfðu þar af leiðandi minni botnfiskaflaheimildir.

Ráðherra setur reglugerð á hverju ári þar sem nánar er kveðið á um fyrirkomulag veiðanna. Í fyrstu var vertíðinni markaðir 50 dagar en frá árinu 2013 hafa verið gefnir út 20 - 25 dagar í upphafi vertíðar og þeim síðan fjölgað eftir að niðurstöður stofnmælinga Hafrannsóknastofnunar í marsmánuði liggja fyrir. Fjöldi báta sem virkja leyfin getur verið misjafn, fer það eftir gæftum, verði, veðri o.fl.

Í greinagerð starfshópsins sem fór yfir veiðistjórnun á grásleppu voru teknir saman helstu kostir og gallar núverandi veiðistjórnunar. Talið er til kosta að grásleppuveiðar hér við land er smábátaútgerð sem stunduð er vítt og breytt um landið og geta einungis fiskiskip undir 15 brúttótonnum fengið úthlutað leyfi (að undan töldum örfáum frávikum sem eiga sér sögulegar skýringar). Veiðisvæði eru átta og er hvert leyfi gefið út fyrir veiðar á einu svæði á hverri vertíð, eftir því sem rétthafi óskar. Veiðileyfi hafa ekki verið að færast mikið milli svæði. Það fylgir því ekki mikill kostnaður að kaupa sér rétt til grásleppuveiða miðað við að hefja veiðar á tegundum sem hafa verið hlutdeildasettar. Helstu ókostir voru taldir að veiðistjórnunin er talin ómarkviss með tilliti til heildarafla. Aðilar eru bundnir ákveðnum samfelldum dögum sem þýðir að þegar að leyfi er virkjað byrja dagar að telja hvernig sem veðurlag verður. Slíkt getur skapað hættu. Þá er ekkert tillit er tekið til bilana, veikinda eða annarra ófyrirséðra tafa. Breytilegt er milli ára hversu margir virkja leyfin sem skapar mikla óvissu í veiðistjórnun. Utanaðkomandi þættir sem stjórnvöld hafa ekki forræði á geta haft þær afleiðingar að fleiri sækja um leyfi til grásleppuveiða og sókn aukist. Hafrannsóknarstofnun hefur bent á að óvíst sé að vottunaraðilar telji núverandi veiðistjórnun ábyrga vegna framangreinds óvissuþáttar. Á það hefur þó ekki reynt til þessa en rétt er þó að nefna að grásleppuveiðar eru ekki vottaðar núna vegna þess hve mikið af meðafla, sjávarspendýr og fuglar, kemur í netin við veiðarnar. Þá liggur ekki fyrir í byrjun vertíðar hver lokaráðgjöf muni verða. Núverandi fyrirkomulag byggir á lokaráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sem miðast við að niðurstaða úr stofnmælingum í marsmánuði gildi 70% á móti næst liðnu ári. Framangreind lokaráðgjöf birtist ekki fyrr en um mánaðarmótin mars-apríl. Einni ber að geta þess að á undanförnum sjö árum, utan eins, hafa veiðar í grásleppu ekki náð ráðgjöf, sem er ekki ásættanleg niðurstaða. Ástand stofnsins er almennt séð gott þó alltaf megi búast við náttúrulegum sveiflum. Það hefur ekki myndast offramboð á hrognum og grásleppu eins og gerðist á árum áður þegar verðsveiflur voru tíðar. Markaðsaðstæður eru góðar og ætti því að vera hvati til veiðanna.

Þegar kostir og gallar núverandi veiðistjórnunar eru metnir er ljóst að með því að breyta stjórnun grásleppuveiða má ná fram markvissari og hagkvæmari veiðistjórnun. Reynslan hefur sýnt að aflahlutdeildakerfi með framseljanlegum aflaheimildum leiðir til hagkvæmari veiða fyrir útgerðir. Útgerðir leitast við að veiða úthlutað aflamark eða framselja það sem þeir ekki veiða. Útgerðir munu hafa meiri sveigjanleika í grásleppuútgerð og ákvörðun um það hvenær þeir fara á sjó og dagafjölda á sjó verður í þeirra höndum. Hægt verður að draga upp net vegna brælu eða meðafla og kostnaður við tæknilegt eftirlit mun minnka og mögulegt að auka í staðinn eftirlit með meðafla.

Með lögum nr. 145/2018, um veiðigjald voru tegundir sem ekki er stjórnað með aflamarki undanskildar veiðigjöldum. Helgast sú nýbreytni af því að við setningu laganna var tekið mið af því að flestum nytjastofnum er stjórnað með aflamarki. Af því leiðir að ekki er reiknað veiðigjald á afla yfirstandandi grásleppuvertíðar. Veiðigjöldum er ætlað að standa undir

eftirliti og rannsóknum á sviði sjávarútvegs og því má færa fyrir því rök að aðrar veiðar séu að greiða niður eftirlit og rannsóknir fyrir grásleppuveiðar. Sanngirnisrök leiða því til þess að lagt verði á veiðigjald á grásleppu líkt og aðra nytjastofna. Með því að færa grásleppu undir aflamarkskerfið þá mun tegundin verða gjaldskyld sbr. 1. mgr. 3 .gr. laga nr. 145/2018, um veiðigjald.

Markmið lagasetningarnar er að ná fram hagkvæmari og markvissari veiðistjórnun án þess að raska megineinkennum núverandi veiðifyrirkomulags. Það er vilji stjórnvalda að gefa þeim sem stunda grásleppuveiðar tækifæri til að ná fram frekari hagkvæmni í veiðunum og meiri ákvörðunarrétt um hvenær þeir stunda veiðarnar. Til að ná fram þeim markmiðum eru lagðar til þær lagabreytingar sem getur að líta í frumvarpinu.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að veiðistjórnun á grásleppu fari fram á grundvelli úthlutaðs aflamarks. Í núgildandi fyrirkomulagi er veiðunum stjórnað á grundvelli laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og með reglugerð sem sett er fyrir hverja vertíð. Með því að breyta veiðistjórn á grásleppu mun fara um stjórnunina eftir lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Frumvarpið felur því í sér breytingu á framangreindum lögum.

Breytingar á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í gildandi lögum mælir 1. mgr. 7. gr. fyrir um að grásleppuveiðar séu háðar sérstöku leyfi frá Fiskistofu og þeir einir bátar eiga kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997. Í framkvæmd hefur sá réttur gengið kaupum og sölum milli útgerða og geta útgerðir því keypt til sín rétt til að fá leyfi til veiða á grásleppu. Líkt og framan greinir er lagt til að grásleppuveiðum verði stjórnað á grundvelli úthlutaðs aflamarks og fallið verði frá því að gefa út sérstök leyfi til grásleppuveiða fyrir hverja vertíð. Því er lagt til að ákvæði 1. mgr. 7. gr. verði fellt brott.

Lagt er til að 2. málsl. 2. mgr. verði felldur brott. Verði frumvarpið óbreytt að lögum og grásleppuveiðum stjórnað á grundvelli aflamarks þá verður 2. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna óþarfur þar sem Fiskistofa mun ekki gefa út sérstök leyfi til veiða á grásleppu og því óþarfi að mæla fyrir um réttaráhrif leyfissviptingar á flutningsheimild réttinda

Breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Samkvæmt gildandi lögum er krókaaflamarksbátum einungis heimilt að veiða krókaaflamark með línu eða handfærum. Verði frumvarpið að lögum munu veiðar á grásleppu fara fram á grundvelli úthlutaðs aflamarks og krókaaflamarks. Er því lagt til í frumvarpinu að nýrri málsgrein verði bætt við 7. gr. laganna, þar sem fram kemur að heimilt sé að veiða krókaaflamark í grásleppu með grásleppunetum. Áfram þurfa þeir krókaaflamarksbátar sem hyggjast fara á rauðmagaveiðar að fá leyfi til að veiða með rauðmaganetum, sbr. 7. gr. laganna.

Með því að taka upp aflamarksstjórn við grásleppuveiðar mun ekki vera þörf á að hafa reglur um samfellda veiðidaga og í umsögn sinni um greinargerð starfshópsins benti Hafrannsóknastofnun á að engin fiskifræðileg rök væru fyrir því að viðhalda svæðaskiptingu í grásleppuveiðum enda hafi skip ekki mikið verið að flytja sig milli svæða. Þó benti stofnin á að æskilegt væri að ráðherra yrði heimilt að grípa til ráðstafana ef aðstæður kalla á aukna stýringu. Því er lagt til í 4. gr. frumvarpsins að almenna reglugerðarheimildin í 16. gr. laganna verði ítarlegri og mæli fyrir um að ráðherra sé heimilt að setja reglur varðandi svæðaskiptingu, stærðartakmarkanir skipa, veiðitímabil, gerð og stærð veiðarfæra, og vitjun neta. Í ákvæðinu er ekki tæmandi talning á þeim atriðum sem ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um. Þá er rétt að nefna að ákvæðið einskorðast ekki við heimild ráðherra til að setja reglur um

grásleppuveiðar heldur tekur ákvæðið til allra veiða sem stjórnað er á grundvelli laga um stjórn fiskveiða.

Í 1. mgr. 9. gr. laganna er mælt fyrir um að við úthlutun aflahlutdeilda á tegund sem ekki hefur áður verið bundin ákvæðum um leyfðan heildarafla skuli úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila. Í frumvarpinu er lagt til að sett verði bráðabirgðaákvæði sem mælir fyrir um aðra aðferð við mat á veiðireynslu og úthlutun aflahlutdeildar í grásleppu. Í ákvæðinu er lagt til að veiðireynsla verði metin út frá þremur bestu veiðitímabilum í sex ár, frá og með árinu 2013 til og með ársins 2018. Vertíðir grásleppuveiða standa yfir í stuttan tíma og frátafir á einni vertíð geta því haft mikið af segja varðandi veiðireynslu fiskiskips það ár. Þá eru aflabrögð misjöfn milli ára og eftir svæðum. Sá mismunur jafnast út með lengra viðmiðunartímabili. Málefnaleg sjónarmið leiða því til þess að líta til fleiri veiðitímabila en þriggja og miða við veiðireynslu þriggja bestu veiðitímabila. Þá er lagt til að aflahlutdeild skuli úthlutað á grundvelli veiðireynslu leyfisins sem skráð er á skipið en ekki á grundvelli veiðireynslu skips eins og venja er til og mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. laganna. Þegar aðili hefur selt grásleppuveiðileyfi af skipinu þá leiða líkur til þess að aðilinn stundi ekki lengur grásleppuútgerð. Ef farin væri sú leið að miða við veiðireynslu fiskiskipa myndi slíkt geta leitt til þess að aðilar sem stunda veiðarnar og hafa nýlega keypt sér leyfi til að veiða grásleppu fengju úthlutað sáralítilli aflahlutdeild, en þeir aðilar sem hafa selt frá sér leyfin og eru hættir að stunda atvinnuna fái úthlutað aflaheimildum. Er þessi leið í samræmi við þá tillögu sem kom fram í greinagerð fyrrgreinds starfshóps.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ákvæði stjórnarskrár um atvinnufrelsi og eignarétt koma til skoðunar þegar takmarka á atvinnufrelsi með lögum. Í 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 segir að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi megi þó setja skorður með lögum krefjist almannahagsmunir þess. Hæstiréttur hefur í dómaframkvæmd staðfest að ríkir og augljósir almannahagsmunir séu bundnir við hagkvæma nýtingu á auðlindum Íslands. Hæstiréttur hefur einnig vísað til þess að mismunun sem byggð sé á málefnalegum og lögmætum sjónarmiðum sé ekki brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig hefur úthlutun aflaheimilda til ákveðins hóps, á grundvelli veiðireynslu ekki verið talin brjóta gegn á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, enda sé úthlutuninni stjórnað eftir ákveðnum reglum sem styðjast við efnislegan mælikvarða.

Í atvinnurétti felst réttur manna til að stunda áfram þau störf sem þeir hafa tekið upp og einnig í sumum tilfellum störf sem þeir hafa fengið sérstakt opinbert leyfi til að stunda. Slík réttindi verða stundum metin til fjárhagslegra gæða og geta notið verndar eignaréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar. Löggjafanum er þó heimilt að breyta reglum varðandi starfsemi sem er með opinbert leyfi, en verður þó að taka tillit til þeirra aðila sem atvinnuna stunda. Í núgildandi lögum eru grásleppuveiðar takmarkaðar við ákveðinn hóp sem rétt hafa til að stunda grásleppu veiðar á grundvelli opinbers leyfis. Um það bil 450 bátar hafa rétt til að fá leyfi til veiða grásleppu skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfið er virkjað fyrir flest skip sem hafa rétt til að fá leyfi. fyrir hverja vertíð og fara á grásleppuveiðar. Einhver leyfi/réttur hafa verið sett í geymslu hjá Fiskistofu, t.d. vegna þess að skip skortir haffæri eða af öðrum ástæðum. Þá eru einhver skip sem hafa rétt til að fá leyfi en leyfin eru óvirkjuð á grásleppuvertíðinni.

Vernd atvinnuréttinda felst einkum í að vernda þá sem atvinnuna stunda. Þannig getur sá sem byggir afkomu sína á atvinnustarfsemi samkvæmt opinberu leyfi haft réttmætar væntingar til þess að honum sé heimilt að hann haldi áfram leyfinu meðan hann uppfyllir skilyrðin. Verði

frumvarpið að lögum munu einungis þau skip sem hafa leyfi til grásleppuveiða og veitt hafa á viðkomandi leyfi á því tímabili sem afmarkað er í bráðabirgðaákvæðinu fá úthlutaða aflahlutdeild. Atvinnuréttur þeirra er því tryggður í frumvarpinu. Meira álitamál er um rétt þeirra aðila sem hafa leyfi til að stunda grásleppuveiðar en það hefur ekkert verið veitt á leyfið á viðmiðunartímabilinu. Veiðireynsla er það viðmið sem stjórnvöld hafa miðað við þegar takmarka á aðgang að fiskveiðiauðlindinni, enda eru það einkum þeir sem stunda atvinnuna sem eru varðir af ákvæðum stjórnarskrár um eignarétt og atvinnurétt. Aðili sem ekki hefur stundað grásleppuveiðar í sex ár en leiðir rétt sinn til framangreinds ákvæðis getur ekki haft réttmætar væntingar til þess að veiðistjórnun í grásleppu verði ekki breytt til samræmis við fiskveiðistjórnun helstu nytjastofna Íslands eða að atvinnuréttindi sem ekki eru nýtt sem slík leiði af sér rétt þeim til handa.

5. Samráð.

Þann 15. maí 2018 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp til að fara yfir veiðistjórnun í grásleppu og gera rökstudda tillögu um breytingar sæi starfshópurinn ástæðu til.-. Í starfshópinn voru skipaðir tveir fulltrúar án tilnefningar og svo fulltrú Landsambands smábátaeigenda. Greinagerð starfshópsins var sett á samráðsgátt stjórnvalda og bárust alls 27 umsagnir á samráðsgáttina auk þess sem sjö umsagnir voru sendar beint til ráðuneytisins. Frumvarpið var unnið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem litið var til þeirra sjónarmiða sem fram komu í greinagerð starfhópsins og framkominna umsagna.

Ekki var talið að efni frumvarpsins snerti málefnasvið annarra ráðuneyta og var því ekki farið í sérstakt samráð milli ráðuneyta.

6. Mat á áhrifum.

Ábyrg fiskveiðistjórn er almannahagur og með hlutdeildasetningu á grásleppu er stefnu stjórnvalda í fiskveiðistjórn fylgt. Kostirnir eru ótvíræðir, ábyrgari og fyrirsjáanlegri fiskveiðistjórn, meiri sveigjanleiki fyrir þá sem stunda veiðarnar og einfaldari stjórnsýsla.

Þeir aðilar sem verða helst fyrir áhrifum af frumvarpinu eru þeir aðilar sem stunda grásleppuútgerð.

Með frumvarpinu er leitast við að tryggja verðmætasköpun í grásleppuveiðum til lengri tíma litið, enda ýtir aflamarksskipulag jafnan undir hagræðingu og til bættrar afkomu í rekstri. Stjórnsýslan er vel í stakk búin til að framkvæma ákvæði frumvarpsins. Fiskistofa mun annast nauðsynlega stjórnsýslu til að setja aflahlutdeildir í grásleppu eins og venja er til við framkvæmd hlutdeildarsetningar á tegundum. Stjórnsýslan sem fylgir stjórnun grásleppuveiða einfaldast. Ekki þarf að gefa út leyfi ár hvert og ekki verður heldur þörf að setja nýja reglugerð fyrir hverja vertíð auk breytingarreglugerða.

Þá verður eftirlit Fiskistofu og Landhelgisgæslunnar með grásleppuveiðum einfaldara og skilvirkara. Meðal annars vegna þess að ekki þarf að fylgjast með dagafjölda hvers báts á grásleppuveiðum, á hvaða svæði þeir eru að veiða svo eitthvað sé nefnt.

Með lögum nr. 145/2018, um veiðigjald er fallið frá því að innheimta veiðigjald á þá nytjastofna er ekki lúta aflamarki. Af því leiðir að grásleppa er ekki gjaldskyld í dag. Á fiskveiðiárinu 2017/2018 námu veiðigjöld af grásleppu 44 miljónum króna. Verði frumvarpið að lögum mun það leiða af sér að grásleppa verður gjaldskyldur nytjastofn, sbr. 3. gr. laga nr. 145/2018, um veiðigjald. Ef miðað er við að veiði sé sú sama í grásleppu á og var á fiskveiðiárinu 2017/2018, þá myndi veiðigjald sem lagt er á grásleppuafla nema um 33 miljónir króna ár hvert.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að veiðum á grásleppu verði stjórnað á grundvelli úthlutaðs aflamarks. Af því leiðir að ekki verður þörf á því að takmarka sókn með leyfisveitingum Fiskistofu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun stjórn grásleppuveiða fara eftir ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Um 2. gr.

Verði frumvarpið að lögum verða ekki gefin út leyfi til grásleppuveiða og er því ekki þörf á því að hafa reglu varðandi takmörkun flutningi á grásleppuveiðileyfi ef skip er svipt leyfi til veiða á grásleppu.

Um 3. gr.

Í 7. gr. laganna eru takmarkanir á því hvaða veiðarfæri krókaaflamarksbátum er heimilt að nota. Þar kemur fram að krókaaflamark sé óheimilt að nýta á annan hátt en með línu og handfærum. Þar sem grásleppa er veitt í grásleppunet er lagt til að bætt nýrri málsgrein við 7. gr. laganna þar sem kveðið er á um að krókaaflamarksbátum sé heimilt að veiða krókaaflamark í grásleppu með grásleppunetum. Er heimild ákvæðisins eingöngu bundin við grásleppuveiðar á grundvelli krókaaflamarks. Eitthvað er um að krókaaflamarksbátar fari á rauðmagaveiðar. Um þau tilfelli gildir 1. mgr. ákvæðisins.

Um 4. gr.

Í 16. gr. laganna er að finna almenna reglugerðaheimild fyrir ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna. Fyrirséð er að veiðunum verði enn stjórnað að einhverju leyti á grundvelli reglugerðar þar sem nánar verður kveðið á um fyrirkomulag veiðanna. Núgildandi reglugerðarheimild er almenns eðlis og því til bóta að skýra betur hvað ráðherra er heimilt að setja sérstakar reglur um. Í ákvæðinu er ekki tæmandi talning um þau atriði sem ráðherra getur sett nánari um reglur varðandi framkvæmd laganna.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um úthlutun aflahlutdeilda í grásleppu. Samkvæmt ákvæðinu eru það einungis skip sem leiða rétt sinn til 1. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem fá úthlutaðri aflahlutdeild. Í því felst að skip sem hafa rétt til að fá leyfi fá úthlutaðri aflahlutdeild á grundvelli veiðireynslu leyfisins. Engu skiptir hvort leyfið er í geymslu eða óvirkt. Er það frávik frá almennu reglu 1. mgr. 9. gr. laga nr. 116/2006, sem mælir fyrir um að aflahlutdeild skuli úthlutað á grundvelli veiðireynslu skips. Er þetta í samræmi við greinargerð starfshópsins en þar var mælt með því að litið væri til veiðireynslu leyfis þar sem hægt sé að líta svo á að þeir sem eru handhafar réttinda til að fá leyfi eru þeir sem eru að stunda veiðarnar.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin taki þegar gildi. Gert er ráð fyrir að Fiskistofa úthluti aflahlutdeild á skip við gildistöku laganna. Ákvörðun um leyfilegan heildarafla í grásleppu verður ekki fyrr en í byrjun árs 2020 og veiðar á grásleppuvertíðinni 2020 munu fara fram á grundvelli úthlutaðs aflamarks en ekki veiðileyfa verði frumvarpið að lögum fyrir það tímamark